

Stjórnarfundur Retrieverdeildar HRFÍ



Fundur haldinn í fundarherbergi HRFÍ 24.06.2025 kl. 19:00.

Mætt/ir eru: Dagný, Gísli Már, Guðni Þór og Sólrún Dröfn

Dagskrá fundarins:

1. Yfirferð pósta frá síðasta fundi.

- Uppgjör frá félaginu á deildarsýningunni og veiðiprófum.
- Ýmis erindi varðandi breytingu á eignarhaldi, afskráningar, titlar, rakkalistinn og ræktandalistinn.
- Erindi frá eiganda varðandi Retinal Dysplasi og skráningu á því í gagnagrunninn.
 - o Formaður tekur áfram.
- Erindi frá dómara ráði um framgöngu dómaranema námsins.

2. Yfirferð fjármála frá síðasta fundi.

3. Starfið fram undan.

-Fréttir frá veiðinefnd.

- Einn dómari sagði sig frá störfum í ár og þeim prófum sem hann var skráður á. Búið er að finna nýja dómara fyrir þau próf.
- Veiðipróf fyrir norðan um næstu helgi.
- Próf búið að ganga vel og góður andi meðal þátttakanda.

-Fréttir frá sýningarnefnd

- Frank Kane afþakkaði að koma og dæma á næstu desember-sýningu en býðst til að koma eftir ár (áramótin 26-27). Ákveðið að fá hann á þá sýningu. Formaður tekur áfram að bóka hann.
- Búið að hafa samband við annan dómara fyrir desember-sýninguna.

4. Ný mál á borði stjórnar

- Tölvupóstfang fyrir veiðinefnd.
 - o Deildin fullnýtir núverandi áskrift hjá okkar hýsingaraðila. Ákveðið að bíða með veiðinefnd@retriever.is þangað til eitthvað af þeim netföngum losnar til þess að þurfa ekki að borga aukalega fyrir það. Líklega fer vefur@retriever.is úr notkun þegar skráning veiðiprófa færist á hundavef sem vonandi gerist fyrir næsta sumar.
- Rætt um stöðu fjármála eftir deildarsýninguna.
 - o Tap var á sýningunni. Ákveðið að ræða þessi mál við stjórn HRFÍ ásamt öðrum málum fljótlega.
 - o Formaður hefur samband við fuglahunda vegna uppgjörsins og mun bjóða fuglahundum að samnýta dómara einnig fyrir næsta ár. Vinna við að finna dómara þarf að fara af stað fljótlega.

- Ákveðið að halda áfram með tveggja dómara sýningu - fjárhagslega kemur betur út að hafa bara einn og fulla sýningu en að hafa tvo gerir þennan viðburð deildarinnar veglegri.
 - Dómararáð og dómaranemar
 - Fulltrúi stjórnar í dómararáði sagði sig frá störfum. Vinna í gangi við að finna annan fulltrúa.
 - Tillaga frá sýningarnefnd um að bæta við tveimur heiðrunum á aðalfundum
 - Stigahæsta ræktun deildarinnar á sýningu.
 - Elsti hundur ársins sem mætti á sýningu.
 - Stjórn þakkar fyrir góða tillögu og samþykkti einhljóma.
 - Rætt um að senda erindi til stjórnar HRFÍ og óska eftir fundi til að ræða meðal annars:
 - Reglugerðarbreytinguna vegna fulltrúa á prófum.
 - Dómararáð og reglur um dómaranámið.
 - Fjármál varðandi deildarsýningar.
 - Hundavefinn.
 - Skráningar veiðiprófsdómara félagsins hjá FCI.
5. Verkefni í gangi sem ekki hefur verið unnið í eða fá að biða fram yfir sumar:
- Skipa skoðunarmann reikninga.
 - Halda viðburð á stórrí sýningu.
 - Endurvekja gönguhópinn.
 - Halda vinnupróf (og eða vinnueiginleikapróf) á næsta ári.
 - Endurskoðun á styrktarmálum deildarinnar.
6. Önnur mál.
- Umræða um heimasíðuna okkar, gagnagrunninn og framtíð hans.
 - Halda utan um kostnað á veiðiprófum sumarsins (sérstaklega erlendu dómarana) sambærilegt og gert var fyrir deildarsýninguna.

Tímasetning næsta stjórnarfundar ekki ákveðinn.